



**Handbók
Maí
2023**

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	bls. 2
Stjórn og nefndir	bls. 3
Lög Íþróttasambands Lögreglumanna	bls. 4 – 6
Reglur um rétt til þátttöku í landsmótum ÍSL	bls. 8 - 9
Reglur um landsmót ÍSL í innanhúsknattspyrnu	bls. 10 - 11
Reglur um Öldungamót ÍSL í innanhússknattspyrnu	bls. 12- 13
Reglur um keppnisfyrirkomulag á landsmótum ÍSL í innanhússknattspyrnu	bls. 14
Reglur um landsmót ÍSL í högggleik	bls. 15 - 16
Reglur um landsmót ÍSL í holukeppni	bls. 17
Reglur um landsmót ÍSL í skotfimi	bls. 18 - 19
Reglur ÍSL – Glock byssa	bls. 20 - 21
Reglur um hreystimót ÍSL	bls. 22
Reglur um hreystimót ÍSL - CF Throwdown	bls. 23
Reglur um styrki ÍSL vegna kostnaðar þátttakenda á landsmót sambandsins	bls. 24
Reglur fyrir afhendingu á merki ÍSL og Heiðursmerkjum ÍSL	bls. 25

Stjórn ÍSL 2022 – 2024

Formaður	Óskar Bjartmarz	vs. 444 2145	gsm. 896 8509
Varaformaður	Jóhann Karl Þórisson	vs. 444 1430	gsm. 843 1430
Gjaldkeri	Jón S. Ólason	vs. 444 0110	gsm. 897 2298
Ritari	Jón Gunnar Sigurgeirsson	vs. 444 0300	gsm. 867 0369
Meðstjórnaandi	Hafdis Albertsdóttir	vs. 444 1000	gsm. 865 1503
Meðstjórnnandi	Kjartan Ægir Kristinsson	vs. 444 2030	gsm. 841 1733
Meðstjórnnandi	Kristína Sigurðardóttir	vs. 860 0354	gsm. 698 4140
Meðstjórnnandi	Kristján Fr. Geirsson	vs. 420 1881	gsm. 898 8718
Meðstjórnnandi	Ólafur Örvar Ólafsson	vs. 854 4322	gsm. 861 0030
Meðstjórnnandi	Guðjón Sveinsson	vs. 843 1546	gsm. 861 6557

Nefndir á vegum ÍSL 2022– 2024

Í stjórn NPSA **2023 - 2025**
Óskar Bjartmarz

Í tækninefnd NPSA **2023 – 2025**
Jóhann Karl Þórisson

Íþróttasamband Lögreglumanna

LÖG

1. gr. Nafn sambandsins er: Íþróttasamband Lögreglumanna Skammstafað ÍSL
Icelandic Police Sports Federation. Skammstafað IPSF
Íslands Politi Idrætsforbund. Skammstafað IPIF.
Lögheimili ÍSL skal vera þar sem það hefur skrifstofu sína á hverjum tíma.
2. gr. Tilgangur sambandsins er:
Að stuðla að eflingu íþróttar meðal lögreglumanna.
Að auka kynningu meðal lögreglumanna.
Að bæta aðstöðu þeirra til íþróttaiðkana.
Að koma fram erlendis fyrir hönd íslenskra lögreglumanna og vera aðili að alþjóðasamtökum lögreglumanna í íþróttum.
Að stuðla að góðum kynnum við erlenda starfsbræður.
Að stuðla að auknum samskiptum aðildarfélaga á vettvangi íþróttar.
3. gr. Rétt á aðild að ÍSL eiga öll íþróttafélög meðal lögreglumanna eða íþróttanefndir.
Aðeins eitt félag eða nefnd frá hverju embætti getur átt aðild að ÍSL. Aðildarfélög ÍSL skulu greiða til þess árgjald sem miðast við ákveðna upphæð á hvern þingfulltrúa, sem félagið eða nefndin á rétt á að senda á þing ÍSL. Réttur til þingsetu fellur niður hafi árgjald ekki verið greitt er þing hefst. Stjórninni er heimilt er að fella gjaldið niður tímabundið.
Félög eða nefndir sem óska inngöngu í ÍSL skulu senda stjórn ÍSL skriflega umsókn ásamt lögum/reglum félagsins eða nefndarinnar. Stjórn ÍSL getur síðan veitt félaginu eða nefndinni bráðbirgða aðild að ÍSL sem næsta þing ÍSL tekur síðan endanlega ákvörðun um. Ef lög eða reglur viðkomandi félags eða nefndar stangast á einhvern hátt á við lög ÍSL skal hafna umsókninni. Viðkomandi félag eða nefnd skal vera opin öllum lögreglumönnum hjá viðkomandi embætti.
4. gr. Málefnum ÍSL stjórnar:
 1. Þing ÍSL
 2. Stjórn ÍSL
 3. Framkvæmdastjórn ÍSL
5. gr. Þing ÍSL fer með æðsta vald í málefnum sambandsins. Þingið sitja fulltrúar þeirra félaga eða nefnda sem mynda ÍSL
Fulltrúatala hvers félags á þinginu skal miðast við að félaginu eða nefndinni sé heimilt að senda 1 fulltrúa fyrir hverja byrjaða 25 starfandi lögreglumenn, þó ekki fleiri en 10 frá hverju félagi eða nefnd.
Fulltrúar skulu hafa kjörbréf.
Á þinginu hafa fulltrúar atkvæðisrétt. Þeir sem einnig hafa rétt til þingsetu og hafa þar málafrelsi og tillögurétt eru:
 1. Stjórn ÍSL
 2. Skoðunarmenn reikninga ÍSL
 3. Heiðurformaður
 4. HeiðursfélagarAuk þess getur stjórn ÍSL boðið öðrum þingsetu ef hún telur ástæðu til. Hver fulltrúi fer með 1 atkvæði.
Þing ÍSL skal haldið á 2ja ára fresti. Til þingsins skal boðað bréflega, heimilt er að senda bréfið með tölvupósti, með minnst 1 mánaðar fyrirvara. Með þingboði skal fylgja kjörbréf. Málefni sem aðildarfélög ÍSL óska eftir að tekin verði fyrir á þinginu skulu tilkynnt stjórn sambandsins minnst 15 dögum fyrir þingið og skal stjórn sambandsins senda öllum aðildarfélögum gögn um þau málefni eigi síðar en 10 dögum fyrir þingið.

Ávallt skal miðast við að þingið sé haldið í september/október. Stjórn ÍSL er þó heimilt ef sérstakar aðstæður liggja fyrir að halda þingið á öðrum tíma. Allar áðurnefndar tímasetningar varðandi boðun til þings og um málefni til þingsins skulu vera þær sömu. Þingið er löglegt sé löglega til þess boðað.

6. gr. Reikningsár ÍSL er almanaksárið.

7. gr. Aukapíng má halda ef nauðsyn krefur eða helmingur sambandsaðila óskar þess. Alla boðunar og tilkynningarfresti til aukapíngs má hafa helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukapíngi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan. Þó má kjósa að nýju fulltrúa fyrir þann sem er látinn, veikur, hættur störfum, fluttur eða forfallaður á annan hátt.

Á aukapíngi má ekki gera laga eða leikreglnabreytingar og má ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn. Ef meirihluti kjörinnar stjórnar hefur sagt af sér eða stjórnin að eigin dómi orðin óstarfhæf.

Að öðru leyti gilda um aukapíng sömu reglur og um reglulegt sambandsþing.

8. gr. Störf landssambandsþings eru:

1. Þingsetning.
2. Kosning 3ja. manna í kjörbréfanefnd.
3. Kosinn þingforseti.
4. Kosinn þingritari.
5. Þinggerð síðsta þings lögð fram.
6. Kosnar þær nefndir sem talið er nauðsynlegt að starfi á þinginu.
7. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.
8. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga til samþykktar.
9. Lagðar fram laga og leikreglnabreytingar sem fram hafa komið.
10. Tekin ákvörðun um árgjald aðildarfélaga.
11. Önnur mál.
12. Kosning formanns.
13. Kosning stjórnar.
14. Kosning skoðunarmanna ársreiknings.
15. Þingslit.

Meirihluti skal ráða kosningu sem er bundin. Verði jafnt eftir kosningu skal hlutkesti ráða.

Krefjist einhver fulltrúi skriflegrar kosningar skal hún framkvæmd þannig. Ekki er heimilt að taka fyrir á landssambandsþingi mál sem hafa borist eftir að áðurnefndir frestir til að skila inn tillögum er útrunnin, nema $\frac{3}{4}$ hlutar viðstaddra þingfulltrúa samþykki það.

Tillögur um lagabreytingar hljóta aðeins samþykki að $\frac{3}{4}$ hlutar greiddra atkvæða hafi samþykkt tillöguna.

9. gr. Stjórn ÍSL fer með æðsta vald í málefnum ÍSL á milli þinga. Stjórnin skal skipuð 7 mönnum. Formaður skal kosinn fyrst og síðan 6 aðrir stjórnarmenn. Stjórnin skiptir með sér verkum og mynda formaður, varaformaður, gjaldkeri og ritari framkvæmdastjórn. Tilkynningar um framboð til stjórnar og formanns skulu berast fráfarandi stjórn eigi síðar en 15 dögum fyrir auglýst þing.

Stjórn ÍSL skal koma saman eigi sjaldnar en 6 sinnum á milli þinga. Til stjórnarfunda skal boðað skriflega af formanni með viku fyrirvara.

Formaður boðar einnig til funda framkvæmdastjórnar sem skulu haldnir eins oft og framkvæmdastjórnarmenn telja þörf á.

Óski 3 eða fleiri stjórnarmenn eftir fundi stjórnar skal til hans boðað eigi síðar en 10 dögum eftir að ósk þar að lútandi hefur verið fram borin.

Stjórn ÍSL er heimilt að ráða launað starfsfólk.

(*Ótímabundið ákvæði. Breyting, fækkun í stjórn með „sólarlagsákvæði“ Fækkunin mun eiga sér stað þannig að þegar núverandi stjórnarmaður/menn gefur/a ekki kost á sér áfram fækkar í stjórninni sem því nemur. Þegar markmiðinu er náð að stjórnarmenn verða orðnir 7 verður framkvæmdastjórn lögð

niður frá og með því þingi og fellur ákvæði um hana út úr lögum og greinar þar á eftir uppfærast í númerum. Ekki eru sett tímamörk á þessa fækkun stjórnar. Á þinginu 2020/2021 er ljóst að einn núverandi stjórnarmanna gefur ekki kost á sér og því verður fækkun um a.m.k. einn á þessu þingi, þ.e. kosnir 9 meðstjórnendur í stað 10.)

10. gr. Starfssvið stjórnar ÍSL er:

Að sjá til þess að ákvörðunum og ályktunum þings ÍSL sé framfylgt.
Að sjá til þess að lög og reglugerðir sambandsins séu haldnar.
Að taka ákvörðun um þátttöku í mótum erlendis.
Að koma fram erlendis f.h. lögreglumanna á Íslandi á sviði íþróttar.
Að taka ákvörðun um nefndir á vegum ÍSL og skipa í þær.
Að ákveða staðsetningu landsmóta.

Starfssvið framkvæmdastjórnar er:

Að framfylgja ákvörðunum stjórnar ÍSL.
Að skipuleggja daglegan rekstur ÍSL.
Að vinna að fjáröflunum til að standa undir kostnaði við reksturs sambandsins og taka ákvörðun um fjáröflunarleiðir.
Að taka ákvörðun um minniháttar fjárhagslegar skuldbindingar.
Að semja um laun starfsmanna.
Að skipuleggja keppnisferðir ÍSL erlendis og sjá um undirbúning keppenda.

11. gr. Heiðursformaður:

Á þingi ÍSL má kjósa heiðursformann Íþróttasambands lögreglumanna, ef 2/3 mætttra þingfulltrúa samþykkja kjörið.
Heiðursformaður hefur rétt til setu á stjórnar- og framkvæmdastjórnarfundum og þingum ÍSL. Hann hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Heiðursformaður ÍSL má koma fram fyrir hönd sambandsins, þegar stjórn/framkvæmdastjórn þess eða formaður óskar eftir því við hann eða honum er falið það. Heiðursformaður getur verið starfandi lögreglumaður eða hafa farið á eftirlaun sem lögreglumaður. Kjör heiðursformanns varir svo lengi sem viðkomandi getur rækt hlutverk sitt og vill sinna því.

12. gr. Heiðursfélagar:

Heiðursfélaga má kjósa á þingi ÍSL.
Heiðursfélagar ÍSL hafa rétt til setu á þingum ÍSL með málfrelsi og tillögurétt.
Kjör Heiðursfélaga varir svo lengi sem viðkomandi getur rækt hlutverk sitt og vill sinna því.

13. gr. Öll framkvæmd móta á vegum sambandsins skal miðast við reglur ÍSL um mótin, en um þau atriði sem þær ná ekki til gilda reglur sérsambanda ÍSÍ. Reglur ÍSL verða einungis samþykktar á þingi ÍSL sem og breytingar á þeim. Stjórninni er heimilt að gera tímabundna breytingu á reglum ef þurfa þykir sem skulu bornar undir næsta þing til afgreiðslu. Ef þingið samþykkir ekki breytingarnar þá falla þær niður.

14. gr. Tillögur um að leggja ÍSL niður má aðeins taka fyrir á reglulegu landssambandsþingi. Til þess að samþykkja þá tillögu þarf minnst $\frac{3}{4}$ hluta greiddra atkvæða. Hafi slík tillaga verið samþykkt skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þingskýrslunni og tillagan síðan látin ganga til næsta reglulegs þings. Með fulltrúarkjöri sínu til þess þings taka aðilar afstöðu til tillögunnar. Verði tillagan samþykkt aftur með $\frac{3}{4}$ hlutum greiddra atkvæða er það fullgild ákvörðun um að leggja sambandið niður. Ákveður það þing hvernig ráðstafa skal eignum ÍSL en þeim má aðeins verja til eflingar íþróttar meðal lögreglumanna.

- 15 gr. Lög þessi öðlast þegar gildi.
Samþykkt á stofnþingi ÍSL 3. maí 1982.
Ásamt breytingum gerðum á þingum ÍSL 1984, 1988, 1994, 2004, 2006, 2014, 2016, 2018 og 2020/2021.

Reglur um rétt til þátttöku í Landsmótum ÍSL

- I. Rétt til þátttöku í Landsmótum á vegum ÍSL, hafa lögreglumenn og löglærðir fulltrúar sem eru í starfi þegar mótið fer fram, sem og nemendur í Lögregluskóla ríkisins.
- II. Aðildarfélag/nefnd getur sótt um undanþágur til stjórnar ÍSL. Sækja skal um skriflega fyrir hvert mót. Undanþágur má veita skv. reglum sem um þær gilda.
- III. Umsókn um undanþágu skal hafa borist stjórn ÍSL fyrir mót ásamt lista yfir aðra liðsmenn en þá sem sótt er um undanþágur fyrir.
- IV. Einungis er heimilt að veita undanþágu þegar um hópíþrótt er að ræða.
- V Heimilt er að leyfa gestum að taka þátt í landsmótum ÍSL, í einstaklingsgreinum, en þeir leika ekki til verðlauna nema settur sé upp sérstakur gestaflokkur.

Heimildir til undanþága þegar um er að ræða Landsmót í innanhússknattspyrnu.

1. Ef aðildarfélag vill sækja um undanþágu verður félagið að hafa a.m.k. þrjá löglega menn skv. I og II, í liðinu.
Ef félagið hefur þrjá menn skv. I og II má sækja um fyrir 3 menn.
Ef félagið hefur fjóra menn skv. I og II má sækja um fyrir 2 menn.
Ef félagið hefur fimm menn skv. I og II má sækja um fyrir 1 mann.
2. Heimilit er að veita undanþágur fyrir allt að þrjá einhverra eftirtalinna:
 - a) Allt að þrjá héraðslögreglumenn.
 - b) Einn afleysingamann sem var í starfi árið áður og mun hefja störf aftur á ný innan þriggja mánaða frá mótinu.
 - c) Eða annar starfsmaður embættis.
- 3 Stjórn ÍSL er heimilt að veita undanþágu vegna aldurs fyrir 1 mann til þátttöku í Öldungamótinu.
4. Einungis tveir undanþágumenn mega vera inni á leikvelli í leik, í einu.
5. Reglum þessum verður einungis breytt á þingi ÍSL.

Almenn ákvæði:

Undanþáguheimildir þessar eru settar **í þeim tilgangi að smærri lögreglulið hafi möguleika á að taka þátt** í Landsmóti lögreglumanna í innanhússknattspyrnu, **ekki til að aðildarfélögin geti styrkt lið sín** með undanþáguleikmönnum.

Algerlega er óheimilt að láta fastan starfsmann víkja úr liði, hafi hann áhuga á að taka þátt, og sækja um undanþágumann í hans stað í þeim tilgangi að styrkja liðið.

Um rétt, til þátttöku í norðurlanda- og evrópumótum undir merkjum ÍSL, fer samkvæmt lögum og reglum Norræna lögregluíþróttasambandsins, NPIF, og Evrópska lögregluíþróttasambandsins á hverjum tíma, í dag eru það þeir sem falla undir lið I.

Reykjavík 18. febrúar 1992.
Breytt á stjórnarfundum ÍSL 12. febrúar 1998.
Breytt og samþykkt á þingi ÍSL 2014.

Reglur um Landsmót ÍSL í innanhússknattspyrnu.

1. Mótið heitir: Landsmót lögreglumanna í innanhússknattspyrnu.
2. Mótið er haldið á vegum Íþróttasambands Lögreglumanna (ÍSL).
3. Stjórn ÍSL ákveður hvaða aðildarfélag/nefnd verði umsjónaraðili mótsins hverju sinni og geta félögin/nefndirnar ekki skorast undan því að halda landsmótið. Umsjónaraðili mótsins ber fjárhagslega ábyrgð á mótinu.
4. Mótshaldari ákveður þáttökugjald í mótinu að höfðu samráði við framkvæmdastjórn ÍSL.
5. Þáttökurétt hafa öll aðildarfélög/nefndir innan ÍSL. Ef félaginu/nefndinni tekst ekki að mynda lið er heimilt að mynda lið tveggja eða fleiri félaga/nefnda á mótinu.
6. Stjórn ÍSL getur heimilað félögum/nefndum utan ÍSL þátttöku í allt að tveimur landsmótum, en eftir það verður félagið/nefndin að gerast aðili að ÍSL til að öðlast þáttökurétt.
7. Stjórn ÍSL getur neitað aðildarfélagi/nefnd um þáttökurétt á landsmóti hafi aðildarfélagið/nefndin ekki gert upp árgjöld sín til ÍSL.
8. Keppt skal um farandbikar sem stjórn ÍSL ber ábyrgð á að sé til staðar. Lið sigurvegara hverju sinni ber ábyrgð á að nafn þess sé grafið á bikarinn en ÍSL á að bera kostnaðinn. Veittir skulu, sérstakir ÍSL verðlaunapeningar, gull, silfur og brons, fyrir keppendur liða í þremur fyrstu sætunum sem ÍSL greiðir. Stjórn ÍSL leggur árlega til eignabikar fyrir meistarana.
9. Í mótinu er fjöldi leikmanna í hverju liði 9 þar af 4 inná hverju sinni. Leikið skal á handknattleiksvelli og á handknattleiksmörk án markvarðar. Skriðtæklingar eru bannaðar. Gróft brot að mati dómara þýðir útafrestur og hvíld í allt að 1 mínútu eða þar til mark er skorað í leiknum. Rautt spjald í leik þýðir bann í næsta leik. Ef tvö lið eða fleiri eru jöfn að stigum í efsta sæti, gildir viðauki I við þessar reglur. Að öðru leyti gilda almennar knattspyrnureglur KSÍ. Keppnisfyrirkomulag fer eftir reglum ÍSL þar um.
10. Reglum þessum verður einungis breytt á þingi ÍSL.

Samþykkt á þingi ÍSL þann 23. 10. 1998.

Ásamt breytingum gerðum á þingum ÍSL árið 2000 og 2014.

Viðauki 1 við reglur um Landsmót lögreglumanna í innanhússknattspyrnu.

1. gr.

Stigakeppni

1. Í stigakeppni skal leikið uns einn hefur keppt við alla og allir við einn.
2. Í stigakeppni gefur sigur liði 2 stig, jafntefli 1 stig og tap ekkert stig, nema annað sé tekið fram í reglum mótsins.
3. Sigurvegari í stigakeppni er það lið sem hlýtur flest stig og í 2. sæti er það lið sem hlýtur næst flest stig o.s.frv. Röð liða í stigakeppni ákvarðast nánar samkvæmt eftirfarandi.
 - a. Fjöldi stiga.
 - b. Fjöldi stiga í innbyrðis leikjum. (Úrslit í innbyrðisleik leik jafnra liða)
 - c. Ef sá leikur endaði jafn, þá úrslit og markatala á móti liðinu sem endaði í þriðja sæti. (Eða næsta sæti fyrir ofan þau lið sem reikna á út sé verið að reikna út önnur sæti en 1. og 2. sæti.)
 - d. Ef enn þá jafnt, þá vinnur það lið sem skoraði fyrsta markið í leiknum á milli tveggja efstu liðanna.

Ef þrjú eða fleiri lið jöfn að stigum:

1. Markamismunur í innbyrðis leikjum. (sáu t.d. þrjú lið jöfn).
2. Fjöldi skoraðra marka í innbyrðis leikjum.
3. Hlutkesti.

Ef úrslit fást ekki skv. framangreindu skal ákvarða röð með hlutkesti. Ef tími er til er heimilt að láta liðin leika úrslitaleik (úrslitaleiki ef fleiri en tvö lið) ef nauðsyn krefur. Heimilt er mótshaldara að undanskilja leiki lakasta/lökustu liðanna varðandi markauttreikning ef það hefur verið tilkynnt öllum liðsstjórum fyrir mót og hlotið samþykki fulltrúa ÍSL á mótssað.

Samþykkt á þingi ÍSL 2014.

Breytt á þingi ÍSL 2016.

Reglur um Öldungamót ÍSL í innanhússknattspyrnu.

1. Mótið heitir: Öldungamót lögreglumanna í innanhússknattspyrnu.
2. Mótið er haldið á vegum og á ábyrgð Íþróttasambands Lögreglumanna (ÍSL).
3. Stjórn ÍSL ákveður hvaða aðildarfélag/nefnd verði umsjónaraðili mótsins hverju sinni og geta félögin/nefndirnar ekki skorast undan því að halda landsmótið. Umsjónaraðili mótsins ber fjárhagslega ábyrgð á mótinu.
4. Mótshaldari ákveður þáttökugjald að höfðu samráði við framkvæmdastjórn ÍSL.
5. Þátttökurétt hafa öll aðildarfélög/nefndir innan ÍSL.
6. Stjórn ÍSL getur heimilað félögum/nefndum utan ÍSL þátttöku í allt að tveimur öldungamótum, en eftir það verður félagið/nefndin að gerast aðili að ÍSL til að öðlast þátttökurétt.
7. Stjórn ÍSL getur neitað aðildarfélagi/nefnd um þátttökurétt á öldungamóti hafi aðildarfélagið/nefndin ekki gert upp árgjöld sín til ÍSL.
8. Keppt skal um farandbikar sem stjórn ÍSL ber ábyrgð á að sé til staðar. Lið sigurvegara hverju sinni ber ábyrgð á að nafn þess sé grafið á bikarinn en ÍSL á að bera kostnaðinn. Veittir skulu, sérstakir ÍSL verðlaunapeningar, gull, silfur og brons, fyrir keppendur liða í þremur fyrstu sætunum, umsjónaraðili greiðir kostnað vegna verðlaunapeninganna. Stjórn ÍSL leggur árlega til eignabikar fyrir meistarana.
9. Í mótinu er fjöldi leikmanna í hverju liði 9 þar af 4 inni á hverju sinni. Leikið skal á handknattleiksvelli og á handknattleiksmörk án markvarðar. Skriðtæklingar eru bannaðar. Gróft brot að mati dómara þýðir útafrekstur og hvíld í allt að 1 mínútu eða þar til mark er skorað í leiknum. Rautt spjald í leik þýðir bann í næsta leik. Ef tvö lið eða fleiri eru jöfn að stigum í efsta sæti gildir Viðauki I við þessar reglur. Að öðru leyti gilda almennar knattspyrnureglur KSÍ. Kepnisfyrirkomulag fer eftir reglum ÍSL þar um.
10. Reglum þessum verður einungis breytt á þingi ÍSL.

Samþykkt á þingi ÍSL árið 2000.

Breytt á þingi ÍSL 2014.

Viðauki 1 við reglur um Öldungamót lögreglumanna í innanhússknattspyrnu.

1. gr.

Stigakeppni

1. Í stigakeppni skal leikið uns einn hefur keppt við alla og allir við einn.
2. Í stigakeppni gefur sigur liði 2 stig, jafntefli 1 stig og tap ekkert stig, nema annað sé tekið fram í reglum mótsins.
3. Sigurvegari í stigakeppni er það lið sem hlýtur flest stig og í 2. sæti er það lið sem hlýtur næst flest stig o.s.frv. Röð liða í stigakeppni ákvarðast nánar samkvæmt eftirfarandi.
 - a. Fjöldi stiga.
 - b. Fjöldi stiga í innbyrðis leikjum. (Úrslit í innbyrðisleik leik jafnra liða)
 - c. Ef sá leikur endaði jafn, þá úrslit og markatala á móti liðinu sem endaði í þriðja sæti. (Eða næsta sæti fyrir ofan þau lið sem reikna á út sé verið að reikna út önnur sæti en 1. og 2. sæti.)
 - d. Ef enn þá jafnt, þá vinnur það lið sem skoraði fyrsta markið í leiknum á milli tveggja efstu liðanna.

Ef þrjú eða fleiri lið jöfn að stigum:

1. Markamismunur í innbyrðis leikjum. (sáu t.d. þrjú lið jöfn).
2. Fjöldi skoraðra marka í innbyrðis leikjum.
3. Hlutkesti.

Ef úrslit fást ekki skv. framangreindu skal ákvarða röð með hlutkesti. Ef tími er til er heimilt að láta liðin leika úrslitaleik (úrslitaleiki ef fleiri en tvö lið) ef nauðsyn krefur. Heimilt er mótshaldara að undanskilja leiki lakasta/lökustu liðanna varðandi markauttreikning ef það hefur verið tilkynnt öllum liðsstjórum fyrir mót og hlotið samþykki fulltrúa ÍSL á mótssað.

Samþykkt á þingi ÍSL 2014.

Breytt á þingi ÍSL 2016.

Reglur um keppnisfyrirkomulag á Landsmótum ÍSL í innanhússknattspyrnu.

1. Ef þátttökulið eru 10 eða færri keppa allir við alla eina umferð. Leiktími er að jafnaði 2 x 7 mín. Mótshaldara er heimilt að ákveða að hafa tvöfalda umferð ef lið eru orðin færri en 8, eða lengja leiktíma í allt að 10 mín. Honum er einnig heimilt að hafa úrslit 4 liða þ.e. 1 og 4 og 2 og 3. Með úrslitaleik og leik um þriðja sætið í framhaldinu.
2. Ef þátttökulið eru fleiri en 10 skal liðunum skipt í tvo riðla A og B og keppt samkvæmt eftirfarandi fyrirkomulagi.
 - a. Í hvorum riðli fyrir sig keppa allir við alla.
Lið nr. 1-3-5 í A riðli og lið nr. 2-4-6 í B riðli fara í A milliriðil.
Lið nr. 2-4-6 í A riðli og lið nr. 1-3-5 í B riðli fara í B milliriðil.
Liðin taka með sér innbyrðis stig, þannig að liðin sem koma úr sama riðli inn í milliriðlana keppa ekki aftur á móti hvort öðru.
Síðan keppa liðin í 6. sæti í milliriðlunum um 11. til 12. sæti í mótinu
5. sæti í milliriðlunum um 9. til 10. sæti í mótinu
4. sæti í milliriðlunum um 7. til 8. sæti í mótinu
3. sæti í milliriðlunum um 5. til 6. sæti í mótinu
2. sæti í milliriðlunum um 3. til 4. sæti í mótinu
Sigurvegarar í milliriðlunum um 1. til 2. sæti í mótinu
3. Reglum þessum verður einungis breytt á þingi ÍSL.

Samþykkt á þingi ÍSL 1988.

Breytt á þingi ÍSL 2014.

Reglur um Landsmót ÍSL í högggleik.

1. Mótið heitir: Landsmót lögreglumanna í högggleik.
2. Mótið er haldið á vegum Íþróttasambands Lögreglumanna (ÍSL).
3. Stjórn ÍSL ákveður hvaða aðildarfélag/nefnd verði umsjónaraðili mótsins hverju sinni og geta félögin/nefndirnar ekki skorast undan því að halda mótið. Umsjónaraðili mótsins ber fjárhagslega ábyrgð á mótinu.
4. Mótshaldari ákveður þáttökugjald að höfðu samráði við framkvæmdastjórn ÍSL.
5. Um þátttökurétt fer sem segir í: Reglur um rétt til þátttöku í Landsmótum ÍSL.
6. Flokkaskipting á mótinu:

Keppt er í:

A flokki að 9,9 í forgjöf, án forgjafar.

B flokki 10,0 – 18,4 í forgjöf, punktkeppni.

C flokki 18,5 – 24 í forgjöf, punktkeppni.

D flokki 24,1 og hærri í forgjöf, punktkeppni

Öldungaflokki 50 ára og eldri, punktkeppni.

Flokki Heldrimanna 65 ára og eldri, punktkeppni

(Miðað er við fæðingarár)

Hámarksleikforgjöf karla er 24,1 en kvenna 28, nema viðkomandi sé með löglega GSÍ forgjöf sem er hærri.

Sveitakeppni 3 bestu telja af þeim sem hefja leik á gulum teigum.

7. Leikið er af gulum teigum í A, B, C, D og Öldungaflokki en af rauðum teigum í Flokki Heldrimanna.
8. Veittir eru (litlir) eignabikarar fyrir sigur í öllum flokkum. ÍSL ber kostnaðinn af þeim.
9. Veittir eru gull, silfur og brons verðlaunapeningar fyrir 3 efstu sætin í öllum flokkum. Engin keppni fer fram í flokkum þegar um einn keppanda er að ræða. Mótshaldari ber kostnað af verðlaunapeningunum.
10. Veittir eru gull silfur og brons verðlaunapeningar, fyrir 3 efstu sætin í sveitakeppni. Keppt er um farandbikar í Sveitakeppni án forgjafar.
11. Verðlaunapeningar eru sérstakir ÍSL verðlaunapeningar.
12. Í sveitakeppni skulu sveitir myndaðar keppendum frá sama embætti. Heimilt er að mynda fleiri en eina sveit frá hverju embætti.

13. Heimilt er að mynda sveit keppenda frá mismunandi embættum (allt að þremur) ef **ekki** er um að ræða nægjanlegan fjölda keppenda frá einhverju embætti til að mynda sveit.
14. Fyrir upphaf móts skal liggja fyrir skipan sveita.
15. Í sveitakeppni telja aðeins sveitir frá aðildarfélögum/nefndum sem ekki skulda ÍSL árgjöld.
16. Við skráningu í Landsmótið er keppendum skylt að skrá sig í ákveðinn flokk eða í síðasta lagi fyrir upphaf keppni. Ef það er ekki gert gildir skráning mótshaldara.
17. Reglum þessum verður einungis breytt á þingi ÍSL.

Samþykkt á stjórnarfundum ÍSL 20. 06. 2001.

Breytt á stjórnarfundum ÍSL 05. 05. 2011.

Breytt á stjórnarfundum ÍSL 08. 12. 2012.

Breytt á þingi ÍSL 2014.

Breytt á þingi ÍSL 2016.

Reglur um Landsmót ÍSL í holukeppni.

1. Mótið heitir: Landsmót lögreglumanna í holukeppni.
2. Mótið er haldið á vegum Íþróttasambands Lögreglumanna (ÍSL).
3. Golfnefnd ÍSL er umsjónaraðili mótsins hverju sinni.
4. Ekkert þátttökugjald er í mótinu en teiggjald í hverri umferð greiðist af keppendum að undanskildum undanúrslita- og úrslitaleikjum
5. Um þátttökurétt fer sem segir í: Reglur um rétt til þátttöku í Landsmótum ÍSL.
6. Keppnin fer fram frá miðjum júní og lýkur með 4 manna úrslitum í síðasta lagi um miðjan ágúst.
7. Tilkynning um mót er send út og tilkynningarfrestur upp gefinn. Að honum loknum skal draga saman aðila til að keppa sín á milli. Heimilt er að byggja þann drátt á svæðisbundnum forsendum.
8. Keppnisfyrirkomulag skal vera eftirfarandi:
Forkeppni skal viðhöfð, ef á þarf að halda, þannig að eftir standi 16 eða 8 keppendur. Forkeppnin er einnig holukeppni og fer fram á milli þess fjölda sem þarf til að eftir standi 16 eða 8 einstaklingar. Hjúseta ræðst af forgjöf hvers og eins þann dag, sem dregið er fyrir viðkomandi umferð og sitja þeir hjá sem hafa lægstu forgjöfina. Sá sem dregin er fyrr út skal vera umsjónaraðili í viðkomandi leik og ákveður keppnisvöll. Í fyrsta drætti skal leggja línur um hvenær hverri umferð fyrir sig skal vera lokið.
9. Holukeppnin er einstaklingskeppni, með forgjöf, í allt að 18 holur eða þar til úrslit ráðast í hverjum leik. Undanúrslit skulu fara fram þannig að dregið er um hverjir keppa innbyggðis og síðan leika þeir sem tapa um 3ja til 4a sæti og þeir sem sigra um 1sta til 2að sæti. Undanúrslit- og úrslit skulu fara fram á velli sem ákveðinn er af golfnefnd ÍSL og fara fram samdægurs. ÍSL greiðir fyrir teiggjöld í undanúrslitum- og úrslitum.
10. Veittur er eignabíkar fyrir sigurvegarann. Veittir eru gull, silfur fyrir fyrsta og annað sæti og brons verðlaunapeningar fyrir 3 – 4 sæti.
11. Verðlaunapeningar eru sérstakir ÍSL verðlaunapeningar sem ÍSL greiðir fyrir.
12. Reglum þessum verður einungis breytt á þingi ÍSL.

Samþykkt á stjórnarfundum ÍSL 08. 12. 2012.
Breytt á þingi ÍSL 2014.

Reglur um Landsmót ÍSL í skotfimi.

1. Mótið heitir: Landsmót lögreglumanna í skotfimi.
1. Mótið er haldið á vegum Íþróttasambands Lögreglumanna (ÍSL).
3. Stjórn ÍSL ákveður hvaða aðildarfélag/nefnd verði umsjónaraðili mótsins hverju sinni og geta félögin/nefndirnar ekki skorast undan því að halda skotmótið. Umsjónaraðili mótsins ber fjárhagslega ábyrgð á mótinu.
4. Mótshaldari ákveður þáttökugjald að höfðu samráði við framkvæmdastjórn ÍSL.
5. Um þátttökurétt fer sem segir í: Reglum um rétt til þátttöku í Landsmótum ÍSL.

Keppni fer fram í:

Loftskammbyssu s.k.v. reglum ISSF, með þeirri einni undantekningu að bæði karlar og konur skjóta 40 skotum. Keppt er í einum flokki og sveitakeppni.

Opnum flokki. Keppt er s.k.v. reglum ISSF um Sportbyssu með þeirri undantekningu að hlaupvíddir allt að 9 mm. eru leyfðar
Keppt er í einum flokki, karla og kvenna og sveitakeppni.

Glock s.k.v. reglum ÍSL.

Keppt er í einum flokki, karla og kvenna og sveitakeppni.

Veittir eru farandbikarar fyrir sigur í Loftskammbyssu, Opnum flokki, og Glock. Mótshaldari ber ábyrgð á því að nafn sigurvegara sé skráð á bikarana en ÍSL ber kostnaðinn af því.

Veittir eru gull, silfur og brons verðlaunapeningar, sérstakir ÍSL verðlaunapeningar, í einstaklings keppni þegar keppendur eru 4 eða fleiri, ef keppendur eru 3 er aðeins veitt gull og silfur, ef þeir eru 2 er einungis veitt gull. Engin keppni fer fram ef um 1 keppenda er að ræða.

Veittir eru gull, silfur og brons verðlaunapeningar, sérstakir ÍSL verðlaunapeningar, í sveitakeppni ef sveitir eru 4 eða fleiri, ef sveitir eru 3 eru veitt gull og silfur, ef sveitirnar eru 1 eða 2 er aðeins veitt gull. Mótshaldari ber kostnaðinn af verðlaunapeningunum.

Í sveitakeppni skulu sveitir myndaðar keppendum frá sama embætti og tilkynnt mótisstjórn áður en keppni hefst. Heimilt er að mynda fleiri en eina sveit frá hverju embætti.

Heimilt er að mynda sveit keppenda frá mismunandi embættum (allt að þremur) ef ekki er um að ræða nægjanlegan fjölda keppenda frá einhverju embætti til að mynda sveit.

Í sveitakeppni telja aðeins sveitir frá aðilarfélögum/nefndum sem ekki skulda ÍSL árgjöld.

6. Reglum þessum verður einungis breytt á þingi ÍSL.

Samþykkt á þingi ÍSL árið 2000.
Breytt á þingi ÍSL 2014.

Glock byssa Reglur ÍSL

Færi 10 m. - Tvíhendis

Hraðaskot

2 x 5 skot á 15 sek.

Byssa er hlaðin með 5 skotum og aukamagasín með 5 skotum.

Byssa skal höfð í slíðri en heimilt er að hafa það opið og skot í skotsæti byssu.

Skotstjóri kallar “allir tilbúnir” og skulu þá skotmenn lyfta báðum höndum upp fyrir höfuð byssulausir, og spenna greipar (lauslega) ofan á hvirfli, og halda þeim þannig þar til skotskífur birtast aftur eins og segir hér fyrir neðan.

Eftir skipunina líða 3 sek. og síðan hverfa skotskífur í 7 sek. Þegar þær birtast aftur má draga byssu úr slíðri og skjóta, skotskífur eru sýnilegar í 15 sek. en það er sá tími sem menn hafa til að skjóta öllum skotunum (10).

Ef byssa bilar eða sleði festist af ástæðum sem ekki eru skotmanni að kenna, að mati dómara, hefur skotmaður heimild til að endurtaka alla hrinuna

Þjófstart: 1 áminning og síðan vísað úr keppni

Færi 25 m. - Tvíhendis

5 skot liggjandi

5 skot sitjandi

Tími á hvora hrinu hámark 4 mín.

Fyrst skal skotið sitjandi og síðan liggjandi.

Keppendur bíða sitjandi/liggjandi, og leggja byssur frá sér, þar til allir í sama riðli hafa skotið eða skotstjóri hefur gefið skipun um að tíminn sé liðinn.

Skotmenn skulu gæta þess er þeir hafa lokið að skjóta að trufla ekki aðra skotmenn í kringum sig.

Færi 20 m. - Tvíhendis

Skotið úr skjóli standandi

5 skot hægra megin

5 skot vinstra megin

Hámarkstími á hvora hrinu 4 mín.

Skotið er standandi annars vegar hægra megin við vegg, með hægri hendi og hins vegar vinstra megin við vegg með vinstri hendi, frjálst hvorum megin byrjað er. Skotmaður skal standa í skjóli við vegginn og má aðeins tæplega helmingur líkama hans standa út fyrir vegginn þegar skotið er.

Færi 15 m. – Tvíhendis

5 skot standandi

5 skot hnéstaða

Hámarkstími á hvora hrinu 4 mín.

Keppendur ráða því sjálfir hvort þeir eru í lágri eða hárri hnéstöðu.

Há hnéstaða er annað hné á gólfi en hitt uppi.

Lág hnéstaða er sitjandi á hæl/il ekki á gólfi.

Færi 10 m.

Standandi

5 skot einhendis í 7 cm punkt

5 skot tvíhendis í 7 cm punkt

Hámarkstími á hvora hrinu 4 mín.

Keppendur ráða hvort þeir skjóta fyrst einhendis eða tvíhendis.

Skotið er á punkta efst á skotskífu. Hvert skot inni í punkt gefur 5 stig en utan punktar 0 stig. Frjálst er á hvorn punkt er skotið að öðru leiti en því að ekki skal skotið á sama punkt einhendis og tvíhendis.

Dómari gefur merki um upphaf og endi hverrar hrinu fyrir sig á sama tíma hjá keppendum í sama riðli.

Hæsta mögulega skor er 250 stig þ.e. 5 stig fyrir hvert skot.

Skilyrði er að skotmenn hafi öryggisgleraugu og heyrnarhlífar.

Stjórn ÍSL

Reglur um hreystimót ÍSL

1. Mótið heitir Lögguhreysti
2. Mótið er haldið á vegum Íþróttasambands lögreglumanna (ÍSL)
3. Stjórn ÍSL ákveður hvaða aðildarfélag/nefnd verði umsjónaraðili mótsins hverju sinni. Umsjónaraðili mótsins ber fjárhagslega ábyrgð á mótinu.
4. Mótshaldari ákveður þátttökugjald í mótinu að höfðu samráði við framkvæmdastjórn ÍSL.
5. Um þátttökurétt fer sem segir í: Reglur um rétt til þátttöku í Landsmótum ÍSL.
6. Mótið skal haldið í september á hverju ári
7. Á mótinu er keppt í fjögurra manna liðum. Hvert lögreglulið í landinu getur sent fleiri en eitt lið. Liðin geta verið karlalið, kvennalið eða blönduð lið.
8. Keppt er í „hreystibraut“ sem mótshaldari ákveður hverju sinni.
9. Veittar eru viðurkenningar fyrir það lið sem vinnur liðakeppnina. Einn bikar til eignar fyrir sigurliðið og einn farandbikar.
10. Einnig eru veittar viðurkenningar fyrir þá bestu í hverjum aldurs flokki í kvenna og karlaflokki.
þ.e:
Flokkir 20-30 ára
31-40
41-50
51-60
61-
11. Reglum þessum verður einungis breytt á þingi ÍSL.

Samþykkt á þingi ÍSL 2014.

Reglur um hreystimót ÍSL - CF Throwdown

1. Mótið heitir Lögguhreysti
2. Mótið er haldið á vegum Íþróttasambands lögreglumanna (ÍSL)
3. Stjórn ÍSL ákveður hvaða aðildarfélag/nefnd verði umsjónaraðili mótsins hverju sinni. Umsjónaraðili mótsins ber fjárhagslega ábyrgð á mótinu.
4. Mótshaldari ákveður þátttökugjald í mótinu að höfðu samráði við framkvæmdastjórn ÍSL.
5. Um þátttökurétt fer sem segir í: Reglur um rétt til þátttöku í Landsmótum ÍSL.
6. Mótið skal haldið í september/október á hverju ári
7. Á mótinu er keppt í tveggja manna liðum. Hvert lögreglulið í landinu getur sent fleiri en eitt lið. Liðin geta verið karlalið, kvennalið eða blönduð lið.
8. Keppt er í „hreystibraut“ sem mótshaldari ákveður hverju sinni.
9. Veittar eru viðurkenningar fyrir það lið sem vinnur liðakeppnina. Farandbikar og eignabikar.
10. Einnig eru veittar viðurkenningar fyrir þá bestu í hverjum aldurs flokki í kvenna og karlaflokki.
11. Aldursflokkar :
 - 34
 - 35 og eldri
12. Reglum þessum verður einungis breytt á þingi ÍSL.

Samþykkt á stjórnarfundum ÍSL 01. 08. 2017

Reglur um styrki ÍSL vegna kostnaðar þátttakenda á landsmót sambandsins.

1. ÍSL er heimilt að styrkja um allt að 50% af fargjalda- og gistikostnaði þátttakenda á landsmótum ÍSL.
2. Þátttakandinn þarf að hafa ferðast a.m.k. 100 km. veg til mótsins vegna ferðakostnaðar en viðkomandi á rétt á styrk vegna gistikostnaðar.
3. Miðað er við að mótið sé haldið í heimahéraði mótshaldara.
4. Stjórn ÍSL tekur ákvörðun um styrki að fenginni umsókn frá viðkomandi aðildarfélögum sem berast skal stjórn ÍSL eigi síðar en ½ mánuði eftir mótsslit, með umsókninni skal fylgja ljósrit af kvittunum vegna ferðakostnaðarins. Stjórn ÍSL skal taka tillit til fjárhags sambandsins hverju sinni við úthlutun styrkja.
5. Reglum þessum verður einungis breytt á þingi ÍSL.

Samþykkt á stjórnarfundum ÍSL
Breytt á þingi ÍSL 2014.

Reglur um heiðursviðurkenningar ÍSL

1. Merki ÍSL er veitt í 5 gráðum.
 - a) Bindisnæla ÍSL
 - b) Bronsmerki ÍSL
 - c) Silfurmerki ÍSL
 - d) Gullmerki ÍSL
 - e) Heiðurskross ÍSL
2.
 - a) Merki ÍSL á bindisnælu:
Merkið skal veita þeim er keppt hafa fyrir hönd ÍSL.
Þeim er stjórn ÍSL telur að hafi unnið til þess á einn eða annan hátt.
 - b) Merki ÍSL með bronslárviðarsveig:
Bronsmerkið má veita þeim er setið hafa í stjórn ÍSL.
Forystumönnum aðildarféлага ÍSL svo og öðrum lögreglumönnum fyrir störf að ákveðnum verkefnum fyrir ÍSL.
Þeim keppendum í hópíþróttum er ná að leika 10 leiki fyrir hönd ÍSL og þeim keppendum í einstaklingsíþróttum er keppt hafa á þremur landskeppnum / mótum (NPM – EPM) fyrir hönd ÍSL.
 - c) Merki ÍSL með silfurlárviðarsveig:
Silfurmerkið má veita þeim er starfað hafa að íþróttamálum lögreglumanna í minnst 10 ár innan aðildarféлага ÍSL og/eða stjórnar ÍSL.
Þó getur stjórn ÍSL veitt manni silfurmerki ÍSL ef sérstök ástæða þykir, án þess að 10 ára starfi sé náð.
 - d) Merki ÍSL með gulllárviðarsveig:
Gullmerkið má veita þeim einstaklingum sem innt hafa af höndum skipulags-, stjórnar- og eða önnur störf að íþróttamálum lögreglumanna, um lengri tíma bæði innlendum- og erlendum aðilum. Einnig þeim sem hafa sýnt sambandinu einstaka ræktarsemi og/eða stuðning.
 - e) Heiðurskross ÍSL er jafnarma, 4 cm. silfurkross með gullmerki sambandsins í miðju, borin í borða í íslenskum fánalitum.
Krossinn má veita fyrir langvarandi og frábær störf að íþróttamálum lögreglumanna. Stjórn ÍSL skal gera tillögu til þings ÍSL, um hverjir skulu sæmdir heiðurskrossi, sem þarf að samþykka tillöguna.
3. Merki þessi skal veita fyrir störf unnin frá stofnun ÍSL og skulu veitt í rétttri röð. (Stjórn ÍSL tekur ákvörðun um úthlutun heiðursmerkja í liðum b, c og d.)
4. Reglum þessum verður einungis breytt á þingi ÍSL.

Breytt á stjórnarfundum ÍSL 14. 04. 2010.

Breytt á þingi ÍSL 2014.

Breytt á þingi ÍSL 2016.

Breytt á þingi ÍSL 2018